

Ósk um styrk vegna Nettómótsins 2020

Aðra helgina í mars 2020 halda unglíngaráð körfuknattleiksdeildir Keflavíkur og Njarðvíkur sitt 30. Nettómót frá upphafi. Nettómótið er langstærsta körfuknattleiksmót yngri iðkenda sem er haldið hér á landi. Á síðasta móti tóku um 1.300 iðkendir þátt frá 25 félagsliðum. Iðkendir eru á aldrinum 6-10 ára, nokkuð jafnt skipt milli drengja og stúlkna. Með hverju liði eru svo þjálfarar, foreldrar og auk annarra aðstandenda sem fylgja sínum krökkum á leikina. Mótið hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár og má nefna að undanfarin þrjú ár höfum við fengið íþróttamiðstöðina í Garði lánaða þar sem íþróttahús Reykjanesbæjar anna ekki öllum þeim leikjum sem spilaðir eru.

Nettómótið eru haldið með góðum styrk frá Nettó og svo hefur Reykjanesbær lánað út öll íþróttamannvirki, sem og grunnskóla til gistingar fyrir iðkendir. Auk þess koma fjölmörg önnur fyrirtæki í Reykjanesbæ að mótinu með beinum og óbeinum styrkjum. Gríðarleg sjálfboðavinna fer fram í kringum mótið við undirbúning, dómgæslu, mótstjórn, aðstöðu- og veitingamál o.s.frv. Þá vinnu er án efa hægt að mæla í þúsundum klukkustunda.

Reykjanesbær er þekktur sem íþróttabær og þar hefur gríðarlega sterk körfuknattleikshefð spilað stórt hlutverk. Barna- og unglíngaráð beggja deilda halda uppi þróttmiklu og metnaðarfullu íþróttta- og forvarnarstarfi í bænum. Vel á fimmta hundrað yngri iðkendir stunda körfuknattleik að jafnaði innan vébanda þessar beggja félaga og því er framlag þeirra til æskulýðsstarfs innan Reykjanesbæjar ómetanlegt.

Nettómótið er mikilvæg tekjulind fyrir barna- og unglíngaráð félaganna. Án þess væri ekki hægt að halda út svo öflugum starfi sem raun ber vitni og með því hafa félögin getað stillt æfingagjöld í hóf, sé borið saman við æfingagjöld á höfuðborgarsvæðinu. Allur ágóði af mótinu hefur runnin beint í barna- og unglíngastarf deildanna. Mótið er haldið af barna- og unglíngaráðum Keflavíkur og Njarðvíkur og hefur samstarf og samstaða þessara tveggja félaga verið til mikillar eftirbreytni og vekur mikla athygli annarra félaga.

Til að gera næsta mót, sem er 30 ára afmælistmót, sem glæsilegast og veglegast þá óskum við eftir fjárstyrk til félaganna frá íþróttta- og tómsfundaráði Reykjanesbæjar.

Virðingarfyllt,

Einar Hannesson

Formaður barna- og unglíngaráðs
körfuknattleiksdeildar Keflavíkur

Guðný Karlsdóttir

Formaður barna- og unglíngaráðs
körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur